

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014
(verðlagsbreytingar o.fl.).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar
(FSigurj, PHB, SPJ, LínS, RR, BN).

1. Á undan 16. gr. í VIII. kafla komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
 - a. (16. gr.)

Við 1. másl. 1. mgr. 2. gr. laganna bætist: og áætlaðan kostnað vegna fjárhagsaðstoðar til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.
 - b. (17. gr.)

Við 5. mgr. 1. gr. laganna bætist: og greiðslu fjárhagsaðstoðar til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.
2. Í stað hlutfallstölunnar „0,0172%“ í 16. gr. komi: 0,0212%.
3. IX. kafli, 17. gr., falli brott.
4. A-liður 21. gr. orðist svo: Í stað 2. másl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þó öðlast 4. gr., 4. mgr. 7. gr. og 1. og 2. mgr. 14. gr. gildi 1. janúar 2016.
5. 29. gr. orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo:
Þrátt fyrir 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. og 23. gr. a skulu starfsendurhæfingarsjóðir, sem starfræktir eru á grundvelli laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, ekki fá tekjur af almennu tryggingagjaldi á árunum 2013 og 2014.
6. Við 44. gr.
 - a. Í stað „kr./kg“ í c-, d-, e-, g- og h-lið komi: kr./stk.
 - b. Í stað „1.159 kr./kg í f-lið komi: 1.160 kr./stk.
7. XXI. kafli, 46. og 47. gr., falli brott.
8. 50. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda sem hér segir:

 - a. 1., 2., 4.–12., 16.–18., 23., 24., 31., 32., 34.–38. og 40.–48. gr. öðlast gildi 1. janúar 2014.
 - b. 3., 14., 15., 20., 22., 30., 33. og 39. gr. öðlast þegar gildi.
 - c. 13. og 19. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2014 vegna tekna ársins 2013.
 - d. 21. gr. öðlast gildi 1. janúar 2016 og kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2016 vegna tekna ársins 2015.
 - e. 25.–29. gr. öðlast gildi 1. janúar 2014 og eiga við um foreldra barna sem fæðast eða eru ættleidd eða tekin í varanlegt föstur 1. janúar 2014 eða síðar.